

Orðskýringar

Adept. Meistari, eða maður sem hefur gengið veg þróunarinnar og er kominn á efsta þrep þeirrar þróunar. Vegurinn er vígslubrautin en þar hefur hann tekið fimm af vígslunum og hefur því stigið inn í fimmta náttúruríkið, andlega ríkið, og á aðeins eftir að taka tvær vígslur.

Adi. Fyrsta sviðið, frumorsök. Atómíska sviðið í sólkerfinu, efst hinna sjö sviða.

Agni. Drottinn eldsins. Elstur og virtastur hinna indversku guða. Einn hinna þriggja máttugu guða, sem eru Agni, Vayu og Surya og er jafnframt þeir þrír til samans, því hann er þríein birting eldsins. Eldur er kjarni sólkerfisins. Í Biblíunni segir: „Vor Guð er eyðandi eldur.“ Agni er einnig tákn hugarviðsins þar sem hann ríkir í þríeinu veldi.

Agnichaitans. Hópur eldtíva.

Antahkarana. Farvegurinn eða brúin, sem neminn býr til úr hugrænu efni, milli æðri og lægri hugarins.

Ashram. Fræðslusetur eða fræðslusalur meistara þar sem lærisveinar og leitendur fá persónulegar leiðbeiningar.

Atlantis. Meginland sem sökk var í Atlantshafið, samkvæmt dulfræðikenningum og Plató. Atlantis var land fjórða kynstofnsins.

Atma. Alheimsandinn, hinn andlegi vilji. Einn af eðlisþáttum andlegu þrenndarinnar.

Atómíska sviðið. Dulfræðingar skipta efni sólkerfisins í sjö svið eða heima. Æðst þeirra er atómíska sviðið. Á sama hátt greinist hvert svið í sjö sviðsstig, æðsta þeirra nefnist atómíska sviðsstigið. Því skiptast sviðin sjö í fjörutíu og níu sviðsstig og eru sjö þeirra atómísk.

Ára. Fíngert „ósýnilegt“ efni sem umlykur líkama manna og dýra og jafnvel hluti. Áran er geðrænt útstreymi frá huga og líkama. Hún er líf-rafræn og einnig hug-rafræn.

Áríska eggíð. Áríska eggíð og orsakalíkaminn er eitt og hið sama. Nafnið er dregið af lögun orsakalíkamans.

Bodhisattva. Bókstaflega sá hvers vitund er orðin vitsmunir eða búddhi. Sá sem á aðeins eftir eina jarðvist til að verða fullkominn búddha. Í þessum bréfum* er Bodhisattva heiti embættis sem Drottinn Maitreya gegnir nú á tímum, en hann er þekktur á Vesturlöndum sem Kristur. Þetta er embætti heimsfræðarans. Bodhisattva

hefur yfirumsjón með öllum trúarbrögðum heimsins, er meistari meistaranna og fræðari engla og manna.

Búddha. Hann hét Gautama. Fæddur á Indlandi um 621 f. Kr. Hann varð fullkominn búddha árið 592 f. Kr. Búddha er hinn „uppljómaði.“ Sá sem hefur náð hæsta þroska- og þekkingarstigi sem manni er mögulegt í þessu sólkerfi.

Búddhi. Alheimssálin eða hugurinn. Búddhi er hin andlega sál mannsins, þess vegna starfstæki Atma eða andans, sem er sjöundi eðlisþátturinn.

Chohan. Lávarður, meistari, leiðtogi. Í þessari bók er átt við þá fullnuma sem komnir eru langt á þroskabrautinni og hafa tekið sjöttu vígsluna.

Etherlíkami. Einnig nefndur ether-tvífari Efnislíkami mannsins er, samkvæmt dulfræðinni, myndaður úr tveimur þáttum. Efnisþétta líkamanum og etherlíkamanum (orkulíkamanum). Efnisþétti líkaminn er gerður úr efni þriggja lægstu sviðsstiga efnissviðsins. Etherlíkaminn er gerður úr fjórum efstu sviðsstigum efnissviðsins.

Ferndin. Hið fjörgreinda lægra sjálf eða maður í heimum þrem. Þessu er skipt á mismunandi hátt, ef til vill er best fyrir okkar tilgang að nota eftirfarandi skiptingu:

1. Lægri hugur.
2. Tilfinningar eða geðlíkami.
3. Prana eða lífsorka.
4. Etherlíkami eða efnisfínni hluti hins tvígreinda jarðlíkama.

Fimmti eðlisþátturinn. Eðlisþáttur hugans. Sá eiginleiki mannsins sem er vitræn hugsun og sem greinir manninn frá dýrunum.

Formgervisverur. Andar efnisins. Verur sem tilheyra frumefnunum eða höfuðskepnunum fjórum: jörð, lofti, eldi og vatni, að frátöldum nokkrum æðri tegundum og stjórnendum þeirra. Þessar verur eru á braut efnisþróunarinnar.

Fóhat. Kosmískt rafmagn, frumljósið, ávalt viðvarandi raforka, alheimslegur knýjandi lífskraftur, óaflátanlega eyðandi og uppbyggjandi orka, samnefni hinna ýmsu rafmagnsfyrirbrigða.

Frumkjarnar. Þau fimm atóm, ásamt hugrænu eindinni, eitt á hverju tilverusviði mannlegrar þróunar (hugræna eindin er einnig á hugræna sviðinu), sem mónadinn dregur að sér sem tæki til formbirtingar. Atómin mynda stöðugan miðdepil eða kjarna og eru tiltölulega varanleg. Utan um þau eru aðrir hjúpar eða líkamar byggðir. Atómin eru í raun litlar orkustöðvar.

Geisli. Einn af sjö orkustraumum Logossins; hinum sjö miklu geislum. Hver þeirra er birting voldugrar kosmískrar veru. Geislarnir sjö greinast í þrjá eðlisgeisla og fjóra eigindageisla sem hér segir:

Eðlisgeislar:

1. Geisli vilja eða máttar.
2. Geisli kærleika eða vizku.
3. Geisli athafnarorku eða aðlögunarhæfni.

Eigindageislar:

4. Geisli samræmis, fegurðar, lista eða einingar.
5. Geisli hlutstæðrar þekkingar eða vísinda.
6. Geisli hugsjóna eða trúarhollustu.
7. Geisli siðalögmáls eða kynngi.

Ofangreind heiti voru valin úr mörgum öðrum. Í geislunum birtast mismunandi eiginleikar eða kraftar sem lýsa birtingarformum Logossins.

Guru. Andlegur fræðari. Meistari í háspekilegum og siðfræðilegum kenningum.

Helgistjórn. Hópur andlegra vera á innri sviðum sólkerfisins, sem mynda hina vitrænu krafta náttúrunnar og stýra rás þróunarinnar. Hún greinist í tólf helgistjórnir. Helgistjórn Jarðarinnar er endurspeglun þessara helgistjórna. Hana mynda fullnumar, meistarar og vígsluhafar, sem vinna í gegnum lærisveina sína og hafa þannig áhrif í heiminum.

Hvíta bræðralagið. (Sjá Helgistjórn).

Innvígður. Enska orðið „initiate“ er af latneskri rót og merkir upphafsatriði hvers kyns vísinda. Innvígður er sá sem brýtur sér leið inn í leyndardóma vísindanna um sjálfið og um eitt sjálf í öllum sjálfum. Vígslubrautin er lokahluti þróunarbrautar mannsins. Hún greinist í fimm stig er nefnast vígslurnar fimm.

Jiva. Sérgreind vitundareining

Kali yuga. „Yuga“ merkir tímасkeið. Samkvæmt kenningum indverzkrar heimspeki skiptist þróun jarðarinnar í fjögur *yuga* eða tímасkeið. *Kali yuga* eða „Myrka tímасkeiðið“ er núverandi tímасkeið og nær yfir 432 000 ár.

Karma. Efnisleg athöfn. Í háspeki merkir það lögmál endurgjalds. Lögmál orsaka og afleiðinga eða siðrænna orsaka. Til er gott karma og slæmt karma. Það er máttur sem öllu stjórnar, afleiðing siðrænnar athafnar eða siðræn afleiðing athafnar sem framin er til að fullnægja persónulegri þrá eða löngun.

Kúmarar. Sjö ædstu sjálfsvitandi verur sólkerfisins. Kúmararnir sjö birta sig í gegnum plánetukerfi á sama hátt og mannveran birtir sig í gegnum jarðneskan líkama. Þeir eru nefndir ýmsum nöfnum, meðal annars „Hinir hugbornu synir Brahma.“ Þeir eru samheild vitsmuna og vizku. Innan plánetukerfisins er einnig að finna endurspeglun sólkerfislega skipulagsins. Fyrsti Kúmarinn ríkir yfir framþróun jarðar; honum til aðstoðar eru sex aðrir Kúmarar, þrír útræðir og þrír innræðir. Þeir miðla orku sem að þeim beinist frá Kúmurum sólkerfisins.

Kúndalini. Máttur lífsins, einn af kröftum náttúrunnar. Hann er máttur sem tengist hryggnum og aðeins þeir þekkja sem iðka fasthygli í yoga.

Kynstofn. Einn hinna sjö kynstofna sem þróast á jörðinni á hinu langa tilveruskeiði plánetubirtingarinnar. Þetta tímасkeið er nefnt heimstímabil. Aríski kynstofninn er fimmti kynstofninn, en honum tilheyra Hindúar, Evrópubúar og aðfluttir íbúar Ameríku. Kínverjar og Japanir tilheyra fjórða kynstofninum.

Lávarður siðmenningar. (Sjá Mahachohan).

Lemúría. Orð tekið upp af guðspekingum, notað yfir meginland sem samkvæmt „*Secret Doctrine*“ var til fyrir tíma Atlantis. Það var land þriðja kynstofnsins.

Logos. Guðdómurinn sem birtist í gegnum hverja þjóð og hvern mann. Veraldleg birting eða afleiðing innri orsakar sem ætíð er dulin. Því er talað mál Logos hugsunar, þýtt í háspekilegri merkingu sinni sem „Orðið“ (Sjá Jóhannes I: 1-3).

Logadrottinnar. Ein af hinum miklu helgistjórnnum andlegra vera sem eru leiðandi í sólkerfinu. Þeir tóku við stjórn þróunar mannkyns þessarar plánetu fyrir um það bil 18 miljónum ára, á miðju tímасkeiði Lemúríu-kynstofnsins, þriðja kynstofnsins.

Mahachohan. Stjórnandi þriðju miklu starfsdeildar Helgistjórnarinnar. Þessi mikla vera er Lávarður siðmenningarinnar og ávöxtur vitsmunanna. Verksvið hans er siðmenningin og vitsmunalegur þroski kynstofnsins. Hann hefur yfirumsjón með starfsemi sem fellur undir hina fjóra minni geisla og samþættingargeisla þeirra, þriðja geislann.

Mahamanvantara. Hið mikla tímасkeið sem er heilt sólkerfistímabil. Þetta hugtak nær yfir lengsta tímabilið í hringrás sólarinnar. Það felur í sér tímасkeið alheimslegrar virkni.

Makrókosmos. Stórheimurinn. Alheimurinn. Með öðrum orðum, birting Guðs í gegnum líkama sinn, sólkerfið.

Manas. Hugurinn, hugræni eðlisþátturinn; það sem greinir mann frá dýri. Þetta er sá eðlisþáttur einstaklingsins sem gerir manningnum mögulegt að gera sér grein fyrir tilveru sinni og því að hann veit. Í sumum kenningum er huganum skipt í tvennt, hærri eða óhlutstæðan huga og lægri eða hlutstæðan huga.

Mantram. Vers úr Vedabókunum. Í almennri merkingu er mantram (eða sá andlegi eiginleiki eða orka, sem ber fram skynjun eða hugsun) eldri hluti Vedabókanna, en seinni hluti þeirra eru Brahmana-bækurnar. Í innræðum skilningi er mantram hlutlæg birting orðsins, fyrir guðlega kynngi. Mantram er form orða eða atkvæða sem raðað er upp í taktbundna hrynjandi, svo að sérstök tíðni myndast þegar farið er með það.

Manu. Mannkynshöfðinginn. Sá sem hefur yfirumsjón með þróun kynstofnanna. Hann er hinn fullkomni maður. Nafnið kemur úr sanskrít „man“ - að hugsa.

Manvantara. Tímaskeið virkni, andstæða tímaskeiðs hvíldar, án tillits til lengdar tímaskeiðsins. oft notað yfir virkni-tímaskeið plánetu eða tímaskeið sjö kynstofna.

Maya. Sanskrítarorð sem merkir „sýndarveruleiki“. Eiginleiki formsins og hins takmarkaða. Afleiðing formbirtingar. Venjulega notað um skynjun fyrirbæra sem hugurinn býr til.

Mayavi Rupa. Sanskrítarorð sem merkir „sýndarform“. Þetta er sýnilegur líkami til notkunar í heimunum þrem, skapaður af adept með viljakrafti. Hann hefur engin efnisleg tengsl við jarðneska líkamann. Þessi líkami er andlegur og etherískur og fer hvert sem er án hindrana. Hann er gerður, með mætti lægri hugans, úr astralefni af hæstu gerð.

Microcosmos. Smáheimurinn, eða birting mannsins gegnum líkama sinn, jarðneska líkamann.

Mónad. Hinn eini. Þrígreindur andinn á sínu eigin tilverusviði. Í dulfræði er oftast átt við þrenndina - atma, búddhi, manas, þ.e. andlegan vilja, innsæi og æðri huga eða hinn ódauðlega þátt mannsins sem fæðist aftur og aftur gegnum lægri lífsformin og þróast stig af stigi í gegnum þau til manns og þaðan áfram að loka markinu.

Nirmanakaya. Þær fullkomnu verur sem hafna nirvana (æðsta ástandi andlegrar sælu) og velja líf sjálfsfórnar og verða félagar í þeirri ósýnilegu sveit sem ætíð heldur verndarhendi yfir mannkyninu, innan karmískra takmarkana.

Orsakalíkami. Þessi líkami er ekki líkami frá sjónarmiði efnissviðsins, hvorki hugrænn né hlutrænn. Hann er samt sem áður orkumiðja sálarvitundarinnar og myndast þar sem saman koma búddhi og manas. Hann er tiltölulega varanlegur og er til í gegnum hin löngu tímaskeið endurfæðinga, en eyðist eftir fjórðu vígsluna þegar ekki er þörf fyrir frekari efnislega birtingu.

Plánetu Logos. Þetta hugtak er venjulega notað um sjö æðstu andana sem samsvara erkienglunum sjö í kristinni trú. Þeir hafa allir gengið í gegnum hið mennska stig og birta sig nú í gegnum plánetu og þróunarbrautir hennar á hliðstæðan hátt og maðurinn birtir sig í gegnum efnislíkama sinn. Æðsti andi plánetu, sem vinnur í gegnum nokkra mismunandi hnetti, er í raun persónulegur guð plánetunnar.

Prakriti. Dregur nafn sitt af hlutverki sínu, sem er efnisleg orsök fyrstu þróunar alheimsins. Það má segja að orðið sé samsett úr tveimur orðstofnum „pra“ fyrst og „krita“ að gera. Það sem er orsök raunbirtingar alheimsins.

Prana. Lífsfrumtakið, lífsandinn. Dulfræðingurinn telur eftirfarandi staðhæfingu sanna: „Við horfum á lífið sem eitt tilvistarform. Það er til í því sem nefnist efni, eða

því sem við ranglega aðgreinum og nefnum anda, sál og líkama mannsins. Líkaminn er tæki fyrir birtingu sálarinnar á þessu tilvistarsviði. Sálin er tæki fyrir birtingu andans og þetta þrennt sem þrennd, myndar heild fyrir lífið sem mettar það allt.“

Púrúsha. Andlega sjálfið. Sjálfið íklætt líkama. Orðið þýðir bókstaflega „Sá sem er í borginni“ þ.e. í líkamanum. Það kemur úr sanskrít; „púra“ þýðir borg eða líkami og „usha“ er afleidd merking sagnarinnar „vas“ að vera.

Raja Lord. Orðið „raja“ þýðir konungur eða prins. Orðið hefur verið notað um þá máttugu engla eða verur sem lifga sviðin sjö. Þetta eru völdugir tívar sem eru samheild og stjórnandi vitsmunir sviðsins.

Raja Yoga. Kerfi til að þróa andlega og sálræna hæfileika og samband við sitt æðra sjálf eða sálina. Það fellst í andlegri iðkun, ögun og hugareinbeitingu.

Sálarheildi. Á þriðja sviðstigi fimmta sviðsins, hugarsviðsins, eru sálarlíkamar einstaklinga, karla og kvenna. Þessir líkamar sem eru birting sálarinnar eða sjálfsvitundar einstaklingsins, flokkast saman í hópa eftir geislum eða eiginleikum.

Sensa eða Senzar. Nafn á leyndu og helgu tungumáli, eða leynilegu máli innvígðra fullnuma um allan heim. Það er alheimslegt tungumál, að mestu leiti myndtákn.

Shamballa. Borg guðanna, sem fyrir sumum þjóðum er í vestri, í austri fyrir öðrum, í suðri og norðri fyrir enn öðrum. Hún er eyjan helga í Góbí-eyðimörkinni. Borgin er aðsetur launspeki og hinnar leyndu kenningar.

Takmörkunarhringur. Hér er átt við ytri mörk sólkerfisins. Innan þeirra marka gætir áhrifa sólar, bæði í innræðum og útræðum skilningi. Hringurinn markar áhrifasvið miðlæga lífkraftsins.

Tívi eða engill. Einskonar guð. Sanskrítarorðið deva þýðir guð eða himnesk vera, hvort sem er góð, vond eða hlutlaus. Tívar skiptast í marga hópa og eru ekki aðeins englar og erkienglar, heldur einnig minni og stærri byggjendur.

Viveka. Sanskrítarorð sem merkir dómgreind eða hæfileikann til að greina á milli hins sanna og hins ósanna, milli forms og fyrirbæris, milli sjálfsins og ekki-sjálfsins, milli anda og efnis. Þetta eru fyrstu skrefin á braut dulfræðinnar.

Wesak. Hátíð sem haldin er í Himalajafjöllum á fullu tungli í nautsmerki (oftast í maí). Sagt er að á þeirri hátíð séu þeir viðstaddir sem mynda Helgistjórnina og að þá komi Búddha skamma stund og endurnýi sína árlegu snertingu og tengsl við starfið á okkar plánetu.

- Yoga.** 1. Eitt af sex kenningakerfum Indlands. Patanjali er talinn vera höfundur þess, en það á sér í raun mun eldri uppruna.
2. Iðkun hugleiðslu í þeim tilgangi að öðlast andlega lausn.

Þríund. Andlegi maðurinn, birting mónadsins Átt er við frækorn andans sem býr yfir duldum eigindum guðdómsins. Þessar eigindir munu springa út í rás þróunarinnar. Þríundin myndar hina einstaklingsbundnu eða sérgreindu sál.

Athugið! Þetta orðasafn skýrir ekki öll atriði eða hugtök til fullnustu. Listinn er einfaldlega tilraun til að snúa á íslensku tilteknum orðum sem koma fyrir í þessari bók,* svo að lesandinn fái betri skilning á merkingu þeirra. Flestar skilgreininganna hafa verið teknar úr *Theosophical Glossary*, *The Secret Doctrine* og Rödd þagnarinnar.

*Úr bókinni: *Letters on Occult Meditation* (Bréf um dulfræðilega hugleiðingu), eftir *Alice A. Bailey*.